Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2019
R19030295

Velferðarráð

Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna viðveru hjúkrunarfræðings á skólatíma***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Nóttar Pétursdóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

> Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar eigi síðar en skólaárið 2019-2020.

Greinargerð:
Eins og staðan er núna eru aðeins fjórir skólar af þeim 39 í Reykjavík sem uppfylla núverandi kröfur um hjúkrunarfræðing í fullri stöðu. Hjúkrunarfræðingar gegna mjög mikilvægu og margþættu hlutverki í grunnskólum og margir minni skólar eru ekki að njóta sömu þjónustu vegna fjölda nemenda. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur til að gerðar verði ráðstafanir til þess að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.
Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af velferðarráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.

SKJALAVER
HÖFÐATORGI
01. APR. 2019
Málsnr.: VEL2019-04-0001
Bréfalykill: 4.5